



Óskum launþegum allra stétta
til hamingju með 1. maí

HAMRABORG • HAFNARSTRÆTI 7 • SÍMI 456 3166



ÓRÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRDUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 1. maí 2002 • 18. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk



„Manneskjunnir munu alltaf fylgja ákveðin mál“

– segir Laufey Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vestfjörðum og formaður félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar. Sjá viðtal í miðopnu.

Farið fram á aukna þátttöku Ísafjarðarbæjar í Eignarhaldsfélagi Vestfjarða ehf.

Hluttur bæjarins verði 20 milljónir

Farið hefur verið fram á aukna þátttöku Ísafjarðarbæjar í Eignarhaldsfélagi Vestfjarða ehf. og er gerð tillaga um að hluttur Ísafjarðarbæjar verði 20 milljónir króna miðað við 100 milljón króna stofnfé þar sem um sé að ræða stærsta og öflugasta sveitarfélagið á Vestfjörðum. Er þetta lagt til samkvæmt tillögu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða sem fékk það verkefni á fundi stofnaðila Eignarhaldsfélagsins í nóvember 2001 að athuga

með endurstofnun félagsins á grundvelli reglugerðar um eignarhaldsfélag.

Þá hefur Atvinnuþróunarfélagið greint frá því að Íslensk Verðbréf hafi áhuga á stofnun eignarhaldsfélags á Vestfjörðum í ljósi reynslu og þekkingar af starfsemi Tækifæris, eignarhaldsfélags Norðurlands.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Torfi Jóhannsson, forstöðu-



maður Íslenskra Verðbréfa á Ísafirði, áttu fund með bæjarráði Ísafjarðarbæjar í síðustu viku þar sem málið var til umræðu og í framhaldið af því hefur bæjarráð óskað eftir upplýsingum frá stjórn Byggðastofnunar um hvort búið sé að ráðstafa einhverjum af þeim fjármunum sem ætl-

aðir voru sem framlag ríkisins til stofnunar eignarhaldsfélags á Vestfjörðum.

Eins og blaðið hefur áður greint frá varð starf Eignarhaldsfélags Vestfjarða aldrei neitt frá því að það var stofnað í árslok 1999 en því var ætlað að taka á arðemisgrundvelli þátt í félögum er vinna að nýsköpunarverkefnum á Vestfjörðum. Stofnun félagsins tengdist samþykkt Alþingis um byggðaaætlun en þar var gerð tillaga um stofnun eign-

arhaldsfélaga í hverju kjördæmi.

Í samþykktinni fólst að Byggðastofnun yrði úthlutað 300 milljónum króna af fjárlögum ár hvert í þrjú ár til að leggja fram í slíkum félögum. Framlag Byggðastofnunar var hins vegar skilyrt þannig að það yrði aldrei hærra en 40% af heildarhlutafé. Stofnahlutafé Eignarhaldsfélags Vestfjarða varð hins vegar aldrei hærra en 8,6 milljónir króna og frekari hlutafjáröfnun mistókst.

SAMKAUP!

OPID:

Virka daga

kl. 09 - 21

Laugardaga

kl. 10 - 21

Sunnudaga

kl. 12 - 21

Verið velkomin!

SAMKAUP!

AUSTURVEGI 2

SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi



www.eimskip.is • Sími 456 5500

www.flytjandi.is • Sími 456 5500

Ísafjörður

Vg opna kosningaskrifstofu

Vinstrihreyfingin - grænt framboð opnar kosningaskrifstofu í dag 1. maí kl. 13 að Hafnarstræti 14 á Ísafirði.

Í tilefni opunarinnar verður boðið upp á kaffi og meðlæti fyrir gesti og gangandi. Þá verður boðið upp á lifandi tónlist og myndlistarsýningu.

Þá verður Netkaffi opnað en þar gefst gestum kostur á að kíkja á internetið á meðan þeir fá sér hressingu. Leiðsögn verður í boði fyrir þá sem vilja. Sími skrifstofunnar er 456 3001.

Ísafjörður

Námskeið í fluguköstum

Laugardaginn 4. maí er fyrirhugað að halda námskeið í fluguköstum í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði.

Námskeiðið er ætlað jafnt byrjendum sem lengra komnum.

Skráning fer fram hjá Sverri Hestnes í Hafnarbúinni og hjá Steingrími í síma 848 3411.

Ísafjörður

Fermingar

Tölf börn fermast í Ísafjarðarkirkju nk. sunnudag, 5. maí kl. 14:00. Þau eru:

Bryndís Helga Björnsdóttir, Hafraholti 20, Brynjar Freyr Burkason, Túngötu 15, Dagný Sveinsdóttir, Hafraholti 28, Gísli Kristjánsson, Urðarvegi 51, Grímur Snorrason, Aðalstræti 33, Guðbjörg Einarsdóttir, Sundstræti 30, Halldóra Sigrún Ásgeirsdóttir, Túngötu 12, Karen Ólafsdóttir, Brautarholti 13, Páll Gunnlaugsson, Seljalandsvegi 68, Sandra Kristinsdóttir Lyngmo, Austurvegi 13, Sigrún Jónína Sigurðardóttir, Góuholti 1 og Þórdís Anna Skúladóttir, Smiðjugötu 4.

Stjórn og varnastjórn Nýsköpunarsjóðs fundaði á Ísafirði

Vestfirsk fyrirtæki heimsótt

Stjórn og varastjórn Nýsköpunarsjóðs var stödd á Ísafirði í síðustu viku ásamt sérfræðingum sjóðsins til að halda stjórnarfund. Arnar Sigurmundsson, stjórnarformaður sjóðsins, sagði í samtali við blaðið að þetta væri í fjórða sinn sem sjóðurinn héldi stjórnarfundum á landsbyggðinni, það hefði verið gert árlega síðan árið 1998, enda einskorðaði hann ekki starfseminna við höfuðborgarsvæðið.

Auk þess að halda stjórnarfund, heimsóttu stjórnarmenn vestfirsk fyrirtæki og frumkvöðla sem sjóðurinn hefur haft samskipti við. Meðal

annars heimsóttu þeir 3X-Stál ehf., Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf., Sindraberg, Póls hf. og Mjólkursamlag Ísfirðinga auk þess sem fyrirtæki í Bolungarvík og á Suðureyri voru sótt heim.

Nýsköpunarsjóður er hluthafi í sushiframleiðslufyrirtækinu Sindrabergi ehf., og var glatt á hjalla þar er fulltrúar sjóðsins heimsóttu fyrirtækið á hádeginu á föstudag. Að lokinni kynningu Elíasar Jónatanssonar, framkvæmdastjóra Sindrabergs á starfsemi fyrirtækisins, var gestunum boðið að snæða sushi. Höfðu þeir vart orð til að lýsa hrifningu sinni á ljúfmetinu.



Stjórnarmenn Nýsköpunarsjóðs og Elías Jónatansson, framkvæmdastjóri Sindrabergs ehf. í matsal fyrirtækisins. Það er Guðrún Pétursdóttir, stjórnarmaður sem býður öðrum stjórnarmönnum að smakka á réttunum.

Keppnin „Prekmeistari Reykjavíkur 2002“

Ísfirðingur í 3j sæti

Lárus M. Daníelsson, 24 ára gamall Ísfirðingur, varð í þriðja sæti á mótinu „Prekmeistari Reykjavíkur“ er fram fór í Austurbergi í Breiðholti á laugardag. Lárus varð einnig í þriðja sæti í keppninni í fyrra, sem snýst um að leysa tíu þolþrautir á sem skemmstum tíma. Náði Lárus að leysa þrautirnar, sem byggðar eru á

hefðbundnum líkamsræktaræfingum, á tæpum 23 mínútum, en það var innan við mínútu frá þeim tíma sem sigurvegari keppinnar náði.

Lárus sagðist í samtali við blaðið vera ánægður með árangurinn þrátt fyrir að alltaf mætti gera betur. „Ég undirbjó mig ágætlega fyrir keppnina að þessu sinni og það sást á

úrslitunum. Engu að síður hefði ég viljað sigra og set nú stefnuna á Íslandsmeistarar mótið á Akureyri í október, en þaðan get ég vonandi komið með gullpening í farteskinu. Það þýðir ekki að hanga alltaf í þriðja sætinu,“ segir Lárus. Ísfirðingar áttu fleiri fulltrúa á keppninni því Árni Ívarsson, leikfímikennari við GÍ.



Lárus reynir við eina af þeim tíu þrautum er hann leysti í keppninni.

Ísafjörður

Júlíus með fullfermi

Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS kom til hafnar á Ísafirði í gærmorgun með fullfermi, um 323 tonn að verðmæti 84 milljóna króna.

Skipið hefur að undanförmu verið að veiðum á

Hampiðjutorginu undir stjórn Gunnars Arnórssonar og samanstendur aflinn þaðan mestmegnis af grálúðu. Athygli vekur að aðeins tók sautján og hálfan veiðidag að fylla skipið af grálúðu og hlýtur sá árangur að teljast góður.



Perlan Vestfirðir

„Innan Ísafjarðarbæjar starfa framsækin hátækniyrirtæki tengd sjávarútvegi sem hafa heiminn allan sem sitt markaðssvæði. Öflugir frumkvöðlar hafa skapað þessi fyrirtæki. En slík fyrirtæki þurfa líka á réttum aðstæðum að halda. Ísafjarðarbær er gott dæmi um öflugan kjarna þar sem sterkar grunneiningar í sjávarútvegi og vinnslu, skapa kröfuhart umhverfi sem vettvang fyrirtækja með framleiðsluvörur sem standast hörðustu kröfur,“ segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar um atvinnuvegasýningu Vestfjarða, sem haldin verður í Perlunni í Öskjuhlíðinni í Reykjavík, dagana 3. til 5. maí n.k. undir heitinu PERLAN VESTFIRÐIR.

Enginn sem til þekkir efast um að Vestfirðir eru dýrmæt perla. Landshluti, sem á að baki langa og merka sögu hvað varðar þróun veiða og vinnslu sjávarafurða; svæði, sem býr yfir stórbrotinni náttúru og þar sem mannlíf dafnar með miklum blóma og aldrei ríkir nein lognmolla. Á sýningunni í Perlunni verða kynntir þeir fjölbreyttu möguleikar sem ferðaþjónusta svæðisins hefur upp á að bjóða auk þess sem sértök áhersla verður lögð á kynningu Ísafjarðarbæjar, sem áhugaverðs staðar heim að sækja og þá ekki síður til búsetu í því

alþjóðlega umhverfi sem þar hefur myndast og þekkt er víða að góðri fyrirmynd. Bæjarins besta hvetur sem flesta til að leita fanga á atvinnuvega sýningunni í Perlunni um næstu helgi og sækja Vestfirði heim til að kynnast af eigin raun því, sem hér er hafa og njóta.

LEIÐGAFI

„Fáir njóta eldanna, sem fyrstir kveikja þá“

Engu er um logið að þáttur verkalýðshreyfingarinnar í að viðhalda stöðugleika í þjóðfélaginu verður ekki ofmetinn. Breytir þar engu hvort tekst að halda okkur réttu megin við rauðu strikin títt nefndu, sem virðast orðin eins konar viðmiðun ákveðinna stétta, sem almenningi er talin trú um að séu sá veltiás, sem ráði því hvort efnahagskerfi þjóðarinnar stendur eða fellur.

Á hátíðisdegi verkalýðsins hlýtur sú spurning að vera ofarlega í huga margra hvort ekki sé tími til kominn að fullyrðingunni í fyrrisögn þessara orða verði hnekk og þeir sem tendra eldana fái notið þeirra þótt ekki væri nema til jafns við þá, sem á eftir koma til að orna sér við bálið. s.h.

Frá útgefendum:

Umboðs- aðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýllisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Sindri V. Gunnarsson, Holtagötu 11, sími 456 4982. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flat-eyri:** Gunnhildur Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Selma Rut Söfnusdóttir, Hlíðargötu 40, sími 456 8269.

Útgefandi: H-prent ehf. Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • Netfang prentsmiðju: hprent@bb.is • Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, netfang: bb@bb.is • Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson • Fréttastjóri: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sími 456 4448, netfang: gudfinna@bb.is. Blaðamaður: Haukur Magnússon, sími 695 8158, netfang: haukur@bb.is • Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, netfang: halldor@bb.is • Fréttavefur: www.bb.is • Lausasöliverð er kr. 200 eintakið m. vsk. • Áskriftarverð er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti



Átak Félags slökkviliðsmanna á Ísafirði

Yfir 1000 reykaskynjarar hafa selst í Ísafjarðarbæ

Félag slökkviliðsmanna á Ísafirði fagnaði á laugardaginn góðu gengi í eldvarnarátaki sem félagið hefur staðið að í Ísafjarðarbæ í samstarfi við Sjóvá-Almennar, Vátryggingafélag Íslands og Tryggingamiðstöðina hf. undanfarna mánuði. Alls hafa félagsmenn nú selt 1.076 reykaskynjara í sjálfböðavinnu síðan átakið hófst, en enn á eftir að heimsækja nokkrar götur til að hægt verði að loka verkunum. Auk þess að selja reykaskynjara hafa félagsmenn boðist til þess að athuga heim-

ili með tilliti til eldvarna og aðstoða við uppsetningu skynjara.

Gísli Úlfarsson, formaður Félags slökkviliðsmanna á Ísafirði, sagðist í samtali við blaðið ánægður með viðtökuvernum við átakið og sagðist halda að Ísafjarðarbæ væri að því loknu „eitt reykaskynjaravæðasta samfélag heims“. „Í upphafi töldum við að þeir 300 reykaskynjarar sem við fengum að gjöf frá tryggingafélagnum myndu nægja, en annað kom á daginn og við þurftum að útvega okkur mun

fleiri,“ segir Gísli. „Það sem kom okkur helst á óvart var sú uppgötvun að á mörgum heimilum voru reykaskynjarar ekki fyrir hendi þrátt fyrir auk- ið umtal um slíkt síðustu mánuði. Nú hefur hinsvegar verið bætt nokkuð úr og óhætt er að segja að Ísafjarðarbæ standi mun betur að vígi hvað eldvarnir varðar“.

Til að fagna áfanganum buðu tryggingafélagin þrjú sem tóku þátt í átakanum aðstandendum þess til sameiginlegs kvöldverðar að skíðaskálanum í Tungudal þar sem

mikil gleði var fram eftir kvöldi. Að borðhaldi loknu tóku við ræðuhöld og glasalýftingar, auk þess sem fjölmargir þátttakendur í átakanu fengu verðskuldað klapp á bakið. Einn þeirra var Veigar Guðbjörnsson, slökkviliðsmaður frá Ísafirði, en honum var veitt viðurkenning fyrir framúrskarandi eldmód og áhuga á átakanu. Einnig var Þorbjörn Sveinsson, slökkviliðsstjóri, heiðraður á samkomunni, því að hann og kona hans áttu þá um kvöldið 30 ára brúðkaupsafmæli.

Veigar Guðbjörnsson fagnar hér í góðra vina hópi viðurkenningu er hann hlaut á skemmtuninni. Frá Vinstri: Páll Hólm, Veigar Guðbjörnsson, Jón Ólafur Sigurðsson og Gísli Úlfarsson.

ÍSÁFJARÐARBÆR

ÚTBOÐ – GATNAGERÐ SUÐUREYRI 2002 – SÆTÚN OG SKIPAGATA

Tæknideild Ísafjarðarbæjar óskar eftir tilboðum í endurbyggingu gatna á Suðureyri. Helstu verkþættir eru lagning reingvatnslagna ásamt yfirborðsfrágangi Sætúns og Skipagötu neðan Eyrargötu.

Helstu magntölur:

Regnvatnslagnir	150m
Bundið slitlag	1.840m ²
Kantsteinar	270m
Hellulögn	330m ²

Útboðsgögn verða seld á bæjarskrifstofu frá og með mánudeginum 6. maí nk. á kr. 5.000.- eintakið. Tilboð verða opnuð á bæjarskrifstofunum á Ísafirði föstudaginn 17. maí nk. kl. 11:00.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

Lokahóf Körfuknattleikssambands Íslands

Sara Pálmadóttir valin besti nýliði 1. deildar kvenna

Sara Pálmadóttir, leikmaður kvennaliðs KFÍ, var valin besti nýliði 1. deildar kvenna á nýloknu keppnistímabili á lokahófi Körfuknattleikssambands Íslands er fram fór á skemmtistaðnum Broadway í síðustu viku. Söru þykir með þessu mikill heiður sýndur,

en hún var valin af leikmönnum og þjálfurum deildarinnar úr hópi fimm tilnefndra.

Sara er 17 ára gömul og hefur æft með KFÍ frá barnsaldri. Hún skoraði að meðaltali 2.9 stig í leik á nýafstaðinni vertíð og tók samtals 50 fráköst. Í viðtali á heimasíðu

KFÍ þakkar Sara þjálfurum sínum og miklum æfingum nýfenginn titil og segist ætla að halda áfram á sömu braut í framtíðinni.

Eggert Aðalsteinsson, sem dæmt hefur á vegum KFÍ, var valinn efnilegasti dómari á lokahófinu og heimasíða KFÍ

hlaut einnig viðurkenningu, en hún var valin önnur besta körfuboltaheimasíða landsins á eftir síðu KR. Þess má einnig geta að Bandaríkjamadurinn Jessica Gaspar, sem lék með kvennaliði KFÍ tímabilið 2000-200, var á hófinu valin besti erlendi leikmaðurinn.

Rauði kross Íslands

Deildanámskeið haldið á Ísafirði

Svonefnt „deildanámskeið“ Rauða kross Íslands var haldið í Gamla Apótekinu á Ísafirði á dögunum. Á námskeiðinu var m.a. fjallað um hugsjónir Rauða krossins, störf og hlutverk deilda innan hans, val og framkvæmd verkefna og sjálfböðastarf og ræðumennsku. Þátttakendur í námskeiðinu voru sjálfböðaliðar Rauða kross deildanna á Vestfjörðum.

Deildir innan Rauða krossins hafa lagt ríka áherslu á að bjóða sjálfböðaliðum upp á fræðslu í tengslum við þau verkefni sem þeir taka að sér auk þess sem nú er boðið upp á sérstök námskeið fyrir þá



Þátttakendur á námskeiðinu, sem taka að sér trúnaðarstörf á vegum deildanna og eru þau námskeið liður í eflingu sjálfböðaliða sem starfa á veg-

um félagsins.

Leiðbeinendur á námskeiðinu voru þeir Gunnlaugur Dan Ólafsson sem sæti á í stjórn

Rauða kross Íslands og Konráð Kristjánsson, starfsmaður landsskrifstofu Rauða krossins.



Orkubú Vestfjarða

Þverárvirkjun Steingrímsfirði, lokafrágangur

Vegna endurnýjunar Þverárvirkjunar óskar Orkubú Vestfjarða eftir tilboðum í eftirfarandi verkþætti:

Háþrýstíþvottur, múrviðgerðir og málun utanhúss, ca. 500m².

Flísalögn innanhúss, c. 110m²

Útboðsgögn liggja frammi á skrifstofu Orkubús Vestfjarða, Stakkanesi 1, 400 Ísafirði, og verða opnuð á sama stað, þriðjudaginn 7. maí nk., kl. 14:00 í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Verklök eru 15. júlí 2002.

Orkubú Vestfjarða
– beislað náttúruafl



www.bb.is/tg



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

Hafnarstræti 1 – Ísafirði

Símar: 456 3940 & 456 3244

Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snorpa.is

Helmasíða: www.bb.is/tg

Einbýlishús / raðhús

Engjavegur 24: 126,4 m² einb. hús á tveimur hæðum. Frábær sölbaðsaðstaða. Laust 1. ágúst 2001. Áhv. ca. 4,6 m.kr. Verð 7,5 m.kr.

Hafrholt 50: 138,4 m² Hosby einingahús á tveimur hæðum ásamt bílskúr.

Hjallavegur 4: 242 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Fallegt útsýni. Skipti á minni eign möguleg Tilboð óskast

Hjallavegur 19: 242 m² einb. hús á 2 hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Sér íbúð á n.h. Ymis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 m.kr. Verð 10,5 m.

Hlíðarvegur 37: 185,9 m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr og einstaklingsíbúð. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 10,2 m.kr.

Hnífsdalsvegur 10: 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð Laust fljótlega. Tilboð óskast

Hrannargata 1: 238,9 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt kjallara, háalofti og ræktuðum garði Verð 9,7 m.kr.

Lyngholt 10: 151,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 55,2 m² bílskúr.

Móholt 9: 194,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr

Pólgata 8: 264 m² 4ra-7 herb. íbúð á tveimur hæðum ásamt kjallara og nýnnréttuðu rislofti. Verð 11,5 m.kr.

Seljalandsvegur 24 (Sjónarhæð): 223,7 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Húsið uppgert að mestu, í mjög góðu standi. Verð 12 m.kr.

Skólavegur 13: 160 m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara, bílskúr og 1000 m² eignarlóð. Verð 8,5 m.kr.

Urðarvegur 33: 306,3 m² glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð 16 m.kr.

4-6 herb. íbúðir

Fjarðarstræti 14: 100 m² falleg 4ra herbergja íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt 60m² kjallara og 27,8 m² geymsluskúr. Baklóð fylgir neðri hæðinni. Áhv. ca. 1,5 m.kr.

Fjarðarstræti 38: 3-4ra herbergja íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. Tilboð óskast

Sundstræti 30: 131,9 m² 5 herbergja íbúð á miðhæð í þrjúbýlishúsi ásamt bílskúr. Tilboð óskast

3ja herb. íbúðir

Hlíðarvegur 33: 79,1 m² íbúð á neðri hæð í fjórþýlishúsi ásamt góðum bílskúr.

Hlíf II - Torfensi: 62,5 m² 2ja-3ja herbergja íbúð á jarðhæði í Dvalarheimili aldraðra. Verð 7,1 m.kr.

Mjallargata 1: 82,8 m² íbúð á 2. hæð í fjölþýlishúsi, sér inngangur, sér geymsla. Verð 6,8 m.kr.

Pólgata 6: 55 m² risíbúð á 3ju hæð í fjölþýlishúsi. Verð 3,9 m.kr.

Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfloður, mikið rými í risi) Þjört og glæsileg íbúð með frábæru

útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 3ju hæð fyrir miðju í fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 2 m.kr. Verð 5,3 m.kr.

Stórholt 9: 80,9 m² góð íbúð á 1. hæð í fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu og sameign. Áhv. ca. 2,4 m.kr. Verð 5,3 m.kr.

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr.

Tangagata 16: 66,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 4,5 m.kr.

Urðarvegur 49: 102,5 m² kjallaraíbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Tilboð óskast

2ja herb. íbúðir

Mjallargata 1: 67,9 m² íbúð í góðu standi á 2. hæð í fjölþýlishúsi. Áhv. ca. 3,6 m.kr. Verð 6,5 m.kr.

Sundstræti 24: 69 m² skemmtileg og rúmgóð íbúð á jarðhæð í fjórþýlishúsi. Verð 4,5 m.kr.

Túngata 18: 53,4 m² íbúð á 1. hæð í nýlega uppgerðu fjölþýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 4 m.kr.

Súðavík

Álfabyggð 3: 130,2 m² nýtt og glæsilegt einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr, sólstofu og tveimur sólpöllum. Verð 11,5 m.kr.

Suðureyri

Hjallavegur 11: 138,2 m² einbýlishús á einni hæð. Verð 3 m.kr.

Flateyri

Drafnargata 10: 158 m² hlaðið einbýlishús á tveimur hæðum, klætt með timbri og einangrað ásamt bílskúr. Verð 8 m.kr.

Bolungarvík

Heiðarbrún 3: 224,6 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Tilboð óskast

Hlíðarstræti 6: 113 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Tilboð óskast

Vitastígur 25b: 101 m² fjögurra herbergja íbúð í fjölþýlishúsi. Sér inngangur. Tilboð óskast

Atvinnuhúsnæði

Mánagata 4 - (Herkastalinn): Gistiheimili og/eda 6 leigubúðir. Verðhugmynd 10 m.kr.

Sindragata: veiðafærageymsla, tvö bíl, harðsteypt gólf, heitt og kalt vatn og hiti. Tilboð óskast

Sindragata 9: veiðafærageymsla - eitt bíl. Tilboð óskast

Sindragata 14: 534 m² nýtt stálgrindarhús á einni hæð. Atvinnuhúsnæði vel búið og staðsett. Verð 25 m.kr.

www.bb.is/tg

D-listinn fyrir Ísafjarðarbæ



fyrir Ísafjarðarbæ

Canon

Stafrænar myndavélar og prentarar

Kynning í Bókhlaðunni
fimmtudaginn 2. maí frá 13 - 18
föstudaginn 3. maí frá 10 - 16



Tilboð!
Við tökum gamla prentarann upp í nýjan Canon S-600 prentara fyrir 10.000.-

Aðeins fimmtudag og föstudag

Dæmi!
Canon S-600 prentari 33.900.-
gamli prentarinn -10.000.-
þú borgar 23.900.-



Bókhlaðan,
Ísafirði sími 456-3123
netfang: bokhlaadan@itn.is

„Kastaði upp að söngkeppninni lokinni“

— segir Herdís Anna Jónasdóttir, annar helmingur tvíeykisins „Þórunnar og Dísu“ sem nýlega hlaut þriðja sætið í Söngkeppni Framhaldsskólanna

Stöllurnar Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Herdís Anna Jónasdóttir ættu að vera flestum Ísfirðingum kunnar, hvort heldur er fyrir virka þátttöku í leiklistarlífi bæjarins síðustu árin eða tónlistarflutning við hin ýmsu tækifæri frá blautu barnsbeini. Þær urðu nýlega í þriðja sæti í árlegri Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd Menntaskólans á Ísafirði, en flutningur þeirra á sönglaginu sígilda „Hvítir mávar“ þótti bera af í keppni sem einkenndist af titrandi stúlkum syngjandi misvel þýdda texta við misgóð erlend vellupplög. Árangur þeirra í söngkeppninni er sá besti sem MÍ hefur hlotnast til þessa þrátt fyrir að hafa oft á tíðum sent þangað afburðaratriði (skemmst er að minnast flutnings Jóns Geirs Jóhannssonar á jólaglaginu klassíska „Er líða fer að jólum“ í keppninni 1995) og hefur andrúmsloftið í skólanum einkennt öðru fremur af stolti vegna sigursins undanfarnar vikur. Stúlkurnar segjast vissulega hafa orðið undrandi á úrslitunum, en ekki nærri því jafn undrandi og þegar þær sigruðu forkeppnina í sal Grunnskólans á Ísafirði á liðinni Sólrishátíð, sem varð til þess að þær voru sendar til keppni sunnan heiða.

Söngkeppni MÍ aldrei glæsilegri en í ár

„Það kom okkur eiginlega meira á óvart að sigra í keppninni hér heima, því að það var svo mikið af hæfileikafólki sem tók þátt þar. Ég held að ég fari ekki með fleipur þegar ég segi að atriðin hafi aldrei verið glæsilegri en einmitt í ár, þau voru hvert öðru betri og við höldum að það stafi af einhverju leyti af því góða starfi sem unnið er í tónlistarskólanum hér, sem og góðu leiklistarlífi bæjarfélagsins. Leiklistin veitir fólki góða þjálfun í því að koma fram á keppnum sem þessari,“ segir Þórunn og Herdís tekur undir. „Ég held að við höfum líka grætt mikið á því að syngja klassískt íslenskt sönglag í keppninni syðra,“ segir hún, „Mér hefur fundist allt of mikið um að fólk sé að taka erlenda poppslagara og þýða

þá misvel yfir á íslenska tungu, en slíkt felur ávallt í sér mikla hættu á hallærisleika.

Keppnin hefur þróast á undanförunum árum yfir í það að vera vettvangur fyrir unglingsstúlkur að taka einhverja „divu“ takta, sem sást kannski best á því hvað Celine Dion lagið „My heart will go on“ var sungið af mörgum hér um árið. Það er ágætis lag, en þessi dramatíska ástarsorgarpæling er orðin dálítið þreytt og leiðinlegt að fylgjast með slíku til lengdar, því lögin eru jú yfirleitt mjög róleg. Það hefur vantað meiri hressileika í þetta, maður á að vilja syngja með keppendum þegar maður situr heima í stofu og fylgist með,“ segir Herdís.

Fengu ekki verðlaunin

Stúlkurnar deildu þriðja sætinu með Menntaskólanum við Laugarvatn og segjast ánægðar með það, þó að vissulega hafi dregið nokkuð úr sigurgleðinni að þurfa að deila titlinum með öðrum.

„Það er svolítið eins og að lenda í 3.-4. sæti,“ segja þær, „Og svo var líka hálf súrt að Laugvetningarnir tóku verðlaunin. Við fengum eitt páskaegg til að skipta á milli okkar tveggja, en þau tóku rest. Dómnefndin skoraði hins vegar í beinni sjónvarpsútsendingu á gefendur verðlaunanna að tvöfalda gjöf sína, og það er vonandi að þeir geri það. Svo er ML líka vinaskóli MÍ og hefur heimsótt okkur tvisvar, þannig að það var nokkuð heppilegt að við skyldum deila verðlaununum með þeim.“

Tvíeykið segist hafa brugðist á mismunandi hátt við spennunni sem óumflýjanlega fylgir því að taka þátt svo stórra keppni sem varpað er með beinni útsendingu inn á öll heimili landsins. „Ég var ekkert stressuð, ég var eiginlega bara spenn, iðaði öll allt kvöldið og mér fannst alveg æðislegt að fá að taka þátt í svona sýningu,“ segir Þórunn. Herdís segist ekki hafa brugðist við á sama máta. „Ég var nú eiginlega veik þetta kvöldið. Ég hafði misst

af kvöldmatnum og þess vegna var ég eitthvað skrytinn í maganum vegna svengdar framan af. Svo var ég auðvitað dálítið stressuð, enda í þann mund að fara að syngja frammi fyrir alþjóð,“.

Fór heim og kastaði upp að keppni lokinni

Þrátt fyrir magakveisu Herdísar fór allt á besta veg þegar stúlkurnar stigu upp á svið við rækilegan fögnuð áhorfenda, en rúta full stuðningsmanna fór frá MÍ til þess að fylgjast með keppninni og styðja við bak stúlkanna. „Það var alveg æðislegt uppi á sviði og okkur fannst eiginlega verst þegar við lukum okkur af, helst hefðum við viljað vera þar það sem eftir lifði kvölds,“ segja þær. Ólíkt flestum þátttakendum söngkeppninnar héldu þær ekki í hefðbundið söngkeppnispartý að henni lokinni, heldur fór Þórunn í heimsókn til vinafólks og Herdís beint heim þar sem hún kastaði upp áður en hún hélt til rekkju. „Þá var ég nú eiginlega bara orðin lasin. Svo tók þetta allt svo á, mikið stress í gangi fyrir keppnina og svo spennufallið þegar hún var búin. Ég var alveg dauðuppgæfin á líkama og sál,“ segir Herdís.

Kátir Krakkar halda hátíð

Þær Þórunn og Herdís fæddust með mánaðar millibili árið 1983 og hafa verið vinkonur nánast stanslaust síðan. Fimm ára gamlar hófu þær tónlistarnám saman og síðan þá hafa þær verið samtaka í flestu því sem þær hafa tekið sér fyrir hendur. Snemma fóru þær að skemmta ættingjum og vinum í flestum fjölskylduböðum með heimasmiðuðum leikatriðum og sönglögum og öðluðust þá reynslu fyrir margt af því sem þær áttu eftir að taka sér fyrir hendur síðarmeir. Klúbburinn „Kátir Krakkar“ er meðal þess sem stendur

hvað helst uppúr í æskuminningum þeirra, en nafnið á hann var valið eftir mikla þælingar og stíf fundarhöld klúbbmeðlimanna.

„Við vorum yfirleitt bara tvær í klúbbnum ásamt Ástrúnu vinkonu okkar og aðrir krakkar komu og fóru. Klúbburinn hélt sumarhátíð og jólahátíð og á þeim komum við fram og fluttum frumsamin leikrit og leikgerðir á ýmsum barnabókum. Þetta þurftu foreldrar okkar að horfa

á á hverju ári,“ segja þær og hlæja.

„Við höfum alltaf verið ákaflega samrýmdar og þótt ótrúlegt megi virðast hefur aldrei soðið uppúr á milli okkar. Að sjálfsögðu höfum við átt okkar smáfríldi, eins og flestar vinkonur, en aldrei hefur aldrei andað köldu á milli okkar og við erum

fljótar að fyrirgefa hvorri annari ef eitt-hvað fer úr-skeiðis“.





Skemmtilegast að syngja fyrir Hlífarbúa

Söngurinn hefur lengi verið þeim hugleikinn og áður en þær hófu söngnám fyrir um fimm árum síðan æfðu þær söng með barna- og unglínakórum frá unga aldri. Ekki er óvenjulegt að sjá þær skemmta við ýmis tilefni í bænum með ómpýðum röddum sínum þegar eitthvað er um að vera, enda auðvelt að fá þær til verksins. „Við höfum verið að gera þetta alveg frá því að við vorum litlar, enda höfum við báðar æðislega gaman af þessu. Svo er oft auðveldara að fá okkur til verksins með skömmum fyrirvara en marga aðra þar sem við erum yfirleitt tilbúnar með æft þótt þú sést,“ segja þær og nefna jólahlaðborð SKG-Veitinga, ýmis hóf á vegum Ísafjarðarbæjar og skemmtiþáttinn skammlífa „Peyting“, sem dæmi um uppákomur sem þær hafa verið fengnar til þess að koma fram á.

„Skemmtilegast þykir okkur þó að syngja fyrir gamla fólkið á Hlíf, en það höfum við margoft gert í gegnum tíðina. Það er svo gaman að syngja fyrir fólk sem hlýðir á af fullri athygli og kann vel að meta lögina á efnisskránni. Það er fátt skemmtilegra en að horfa fram í fullan sal af brosandum áhorfendum og vita að maður á kannski örblítinn þátt í því að brosin eru til staðar. Það er svo gaman að gleðja aðra,“ segja þær.

Aðspurðar segjast þær aldrei verða leiðar á því að koma fram. „Við höfum svo gaman af þessu að á meðan einhver finnst enn til þess að hlusta á okkur þá erum við tilbúnar að syngja. Það er helst að við höfum áhyggjur af því að fólk verði leitt á því að hlýða á

okkur. Þetta er okkar stærsta áhugamál ásamt leiklistinni og því er ekki skrítið að við viljum stunda það við hvert tækifæri. Það væri til lítills að æfa sig og æfa ef maður gæti síðan aldrei komið fram og sýnt heiminum hvað maður hefur verið að eyða tímanum í,“ segja stúlkurnar.

Ekki á leiðinni í poppið

Aðspurðar hvort þær stefni frekar á að verða poppstjörnur að hætti Britney Spears og Christinu Aguilero eða söngkonur í klassíska geiranum er fram líða stundir hlæja stúlkurnar datt og segjast nú frekar geta ímyndað sér að enda í klassíkinni. „Ef ég ætlaði að verða poppsöngkona þyrfti ég nú líklegast að byrja á því að fá mér sílfkonfyllingu í barninn og stílista í fullri vinnu. Þó að ég hafi oft gaman af poppinu þá held ég að ég vildi ekki leggja það fyrir mig enda finnst mér oft eins og sá bransi snúist meira um eitthvað annað en tónlistina“ segir Þórunn og Herdís tekur undir.

„Áhugasvið mitt liggur nú helst í klassískri tónlist þannig að ég býst frekar við að enda í þeim geiranum ef ég legg tónlistina fyrir mig“.

Þórunn og Herdís segja framtíð sína alveg óráðna og að það eina sem víst sé er að þær munu halda áfram að rækta venskapinn við hvora aðra. „Það er svo margt skemmtilegt í þessum heimi og við viljum gera það allt, helst í einu,“ segja þær og nefna að helstu markmið sín þessa stundina séu að ljúka Menntaskólanum á Ísafirði tímánlega og sómasamlega, auk þess að halda áfram þátttöku í leikritum og annarri menningarstarfsemi sem þrífst svo vel á Ísafirði.

„Það er eiginlega alveg ótrúlegt hvað er mikið um að vera hérna og stundum finnst manni jafnvel of mikið að gerast. Maður nær ekkert að fylgjast með. Leikfélag MÍ hefur verið á stöðugri uppleið í mörg ár, Elfar Logi Hannesson kemur á koppinn hverri sýningunni á fætur annarri, Edinborgarhúsið er ákaflega virkt og starfsemi Tónlistarskólans og Tónlistarfélags Ísafjarðar blómstrar sem aldrei fyrr. Við höfum stundum rætt það okkar á milli að sniðugt væri ef allir þessir hópar tækju sig saman að hausti og stilltu strengi sína varðandi dagskrá vetrarins svo að viðburðir rekist ekki á og að hreinlega þyrmi ekki yfir fólk,“ segja þær.

Stofna söng- og leiklistarskóla í nafni Kátra Krakka?

Herdís segist helst vilja leggja leiklistina fyrir sig og Þórunni dreymir um söngnám á Ítalíu, en báðar eru þær samála að skóli sem sameinaði þetta tvennt væri draumurinn.

„Þannig skólar eru það sem okkur dreymir helst um og aldrei er að vita nema en við reynum við einhvern svoleiðis í framtíðinni. Það er samt gífurlega erfitt að komast að í slíka skóla þannig að þó við myndum sækja stift í það um árafjöld er ekkert víst að við fengjum að vera með. Ætli það endi bara ekki með því að við stofnum sjálfar þannig skóla þegar við verðum konnar á sextugsaldurinn og kennum hann við Kátra Krakka eins og í fyrndinni,“ segja þær Þórunn Arna og Herdís Anna og skunda galvaskar áleiðis í þýskutíma þar sem óreglulegar sagnir bíða þess að verða beygðar þvers og kruss.



Unnur Brá og sambýlismaður hennar, Kjartan Þorkelsson sýslumaður á Hvolsvelli.

Unnur Brá kvödd samstarfsfélögum og vinum

Margt góðra gesta var samankomið í kveðjuhöfi til heiðurs Unnar Brá Konráðsdóttur, sem gengt hefur starfi sýslumanns á Ísafirði um fjögurra mánaða skeið, er haldið var í golfskálunum í Tungudal á miðvikudag í síðustu viku. Það var Unnur sjálf sem efndi til hófsins til þess að kveðja samstarfsmenn og kunningja á Ísafirði. Unnur heldur brátt á slóðir Ólafs Helga Kjartanssonar, fv. sýslumanns á Ísafirði og hefur störf við sýslumannsembættið á Selfossi þann 2. maí. Í hófinu, sem stóð til miðnætts, var boðið upp á léttar veitingar að hætti Unnar og sagði hún við tækifærið að hún ætti eftir að sakna Ísafjarðar eftir ánægjulega dvöl í bænum. Bæjarins besta þakkar Unni Brá gott samstarf undanfarna mánuði, og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi.



Sævar Gestsson, Birna Lárusdóttir og Eggert Jónsson voru á meðal gesta í kveðjuhöfinu.



Unnur Brá á spjalli við Geirþrúði Charlesdóttir, starfsmann Sýslumannsins á Ísafirði.



Jónas Guðmundsson sýslumaður í Bolungarvík og Erlingur Sigtryggsson, héraðsdómari voru á meðal þeirra sem kvöddu Unni Brá.



Það gerðu einnig þær Arndís Baldursdóttir og Hjördís Hjartardóttir, starfsmenn sýslumannsembættisins á Ísafirði. Fleiri myndir úr hófinu verða birtar á svipmyndum á bb.is í vikunni.

Það stóð alltaf til að færa þennan málaflökk yfir til sveitarfélaganna og þau voru móttækileg fyrir því en svo hætti félagsmálaráðherra við og í kjölfarið er komin upp svipuð togstreita um fjármagnið eins og var 1991 þegar að ég byrjaði fyrst sem framkvæmdastjóri. Ég hélt að þessi togstreita væri horfin en þetta gerist óhjákvæmilega meðan það eru tvö stjórnsýslustig sem stýra þessu. Þetta snýst um það hversu mikið ríkið á að borga og hversu mikið sveitarfélögin eiga að borga og mjög eðilegt að einhver togstreita skapist, en þarna finnst mér að hafi verið farið skref afturábak. Ég hef alltaf verið á þeirri skoðun að þessi málaflökkur eigi að fara til sveitarfélaganna og mun halda því á lofti áfram hver sem endanleg stefna stjórnvalda verður“.

Barnaverndarmálin umfangsmest

Laufey hefur átt sæti í félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar undanfarin fjögur ár og verið formaður hennar síðustu tvö árin.

„Það má segja að það sé öll flóran sem komi inn á borð félagsmálanefndar. Þarna er verið að fjalla um fjárhagsaðstoð, barnaverndarmál, dagmæður og gæsluvelli, þjónustu við fatlaða, jafnréttismál, vímuevarnir og almenn málefni barna og ungmenna. Þetta eru mjög viðamikil verkefni sem nefndin hefur á sinni könnu en þó eru barnaverndarmálin umfangsmest og taka stærstan hluta af tíma nefndarinnar. Barnaverndin snýst fyrst og fremst öryggi barna og eftirlit með þeim frá 0-18 ára aldri. Þarna er verið að taka á margvíslegum málefnum sem viðkoma manneskjunnari og ég get í rauninni ekki sagt hvers konar mál þetta eru enda eru allir nefndarmenn bundnir algjörum trúnaði. Þarna er þó verið að ræða mál eins og forvarnir, slyshættu og forræðismál en ekki bara heimilisofbeldi eða vanrækslu á börnum, sem betur fer. En þetta er langviðamesti málaflökkurinn og við verðum að fara mjög nákvæmlega eftir ákveðnum lögum og reglugerðum í þessu sambandi, sérstaklega ef við neyðumst til að beita þvingunaraðgerðum, og það tekur mjög mikinn tíma. Þá geta forræðisdeilur sömuleiðis verið mjög tímafrekar líka“.

Laufey neitar því ekki að nefndin fær stundum til sín mál sem sýni dekkri hliðar mannlífsins og eru mjög erfið og slítandi fyrir sálina. En hvernig takast nefndarmenn á við slíkt?

„Við ræðum auðvitað viðkomandi mál á fundum og síðan höfum við tækifæri, hver og einn nefndarmaður, að ræða þau frekar við starfsmennina sem sjá um þessi mál á Skóla- og fjölskylduskristofunni. Það er í rauninni það eina sem við gerum en satt best að segja verða nefndarmenn að læra að brynja sig

svoltið þó að það sé stundum jafnvel mikil þörf fyrir að fá að ræða líðanin þegar teknar eru erfiðar ákvarðanir sem eru þyngjandi fyrir fólk. Þetta venst samt eins og margt annað og ég hef reynt að læra að skilja þetta eftir í vinnunni og taka þetta ekki of mikið inn á mig. En ég neita því ekki að það koma stundir þegar mér tekst það ekki og verð jafnvel andvaka af þeim sökum“.

Margir á lágmarkslaunum

Vegna umræðna um fátækt á höfuðborgarsvæðinu liggur beinast við að spyrja formann félagsmálanefndar hvort það sé fátækt í Ísafjarðarbæ?

„Ég veit það ekki, en hér eru mjög margir á lágmarks-launum sem eru um 70 þúsund krónur á mánuði og miðað við okkar lífnaðarhætti þá lifir enginn á þeirri upphæð. Þetta er fólk sem þarf að borga húsnæði, framfærslu barna, hita, rafmagn, mat o.s.frv. og það einfaldlega getur það ekki, þannig að ef hægt er að skilgreina það sem fátækt, þá er fátækt í Ísafjarðarbæ. Nokkuð er um að fólk komi og sæki um fjárhagsaðstoð en það eiga að vera sjálfsgöð réttindi fólks að fá slíka aðstoð. Við erum þá ekki að tala um fjárhagsaðstoð til lengri tíma heldur aðstoð til að komast í gegnum einhverja tímabundna erfiðleika. Sumir líta mjög neikvæðum augum á fjárhagsaðstoð og það er þetta gamla viðhorf að fólk sé að segja sig á sveit. Eftir því sem mér telst til var kostnaðurinn í fyrra 4,7 milljónir króna í fjárhagsaðstoð en árið á undan 6,3 milljónir króna þannig að ekki er hægt að tala um aukningu heldur frekar að þetta sé mismunandi eftir árferði og atvinnuástandi. Það koma toppar í lífi fólks og er þá meiri þörf á fjárhagsaðstoð en annars, t.d. á jólum og þegar þarf að ferma börnin.“

Hitt er staðreynd að umsóknum hefur fækkað milli ára og skýringin á því held ég að sé að eftir að Skóla- og fjölskylduskristofa Ísafjarðarbæjar tók til starfa, þá er veitt meiri ráðgjöf til þeirra sem sækja um aðstoð. Fólk er bent á leiðir við að leita réttar síns annars staðar, t.d. í Tryggingastofnun, ýmsum öðrum opinberum stofnunum og bönkum þar sem fólk getur fengið aðstoð. Sumir koma með allt í óefni, fá ráðgjöf og þurfa jafnvel ekki fjárhagsaðstoð því það kemur í ljós að það eru næg önnur kerfi sem geta aðstoðað og veitt úrræði. Ég veit að fjárhagsaðstoðin hjá Ísafjarðarbæ er í góðri samvinnu við Ráðgjafamiðstöð heimilanna og hefur gott samstarf verið þar á milli. Fólk fær góða ráðgjöf og það hefur haft þau áhrif að færri sækja um og jafnvel þá í styttri tíma vegna þess að flestir leggja metnað sinn í að geta bjargað sér sjálfir. Þetta hefur breyst og það finnst mér jákvætt, ekki endilega að upphæðin hafi minnkað heldur frekar að



ráðgjöfin er meiri og fólk eygir fleiri möguleika út úr vandræðum sínum“.

Vímuefnavandinn ákveðið áhyggjuefni

Aðspurð um hvort hún telji einhvers sérstök mál vaxandi áhyggjuefni, þá segist Laufey ekki geta nefnt neitt sérstakt í því sambandi og yfirleitt finnist henni hlutirnir í nokkuð eðlilegum farvegi.

„Auðvitað munu alltaf fylgja manneskjunnar ákveðin mál, hvort sem við köllum það vandamál eða eitthvað annað. Þau eru hins vegar breytilegt og það sem er gott í dag og jákvætt, getur orðið erfitt á morgun vegna þess að við förum ekki eftir neinum einum staðli. Ef ég á þó að nefna eitthvað sérstakt þá hlýtur ég að nefna vímuefnavandann sem er ákveðið áhyggjuefni, jafnt hér sem annars staðar. Það hefur þó orðið breyting til batnaðar með tilkomu mjög öflugra málsvara vímuvarna og það er kraftmikill hópur sem vinnur að þessum málum. Ætti ég hins vegar að nefna eitthvað sem mér finnst mjög jákvætt, þá er það þessi skipulega uppbygging á félagsþjónustunni sem er forsenda fyrir því að hægt sé að vinna að verkefnum og auka vellíðan fólks. Þegar ég byrjaði að starfa í félagsmálanefnd var Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar ekki komin til sögunnar og er óhætt að segja að margt hafi breyst með tilkomu hennar. Áður var bara einn félagsmálastjóri sem þurfti að sinna öllu og hann réð einfaldlega ekki við það allt saman, þetta eru þung og erfið verkefni og það var ekki hægt að bjóða einni manneskju upp á þetta. Svo var einhver annar með fræðslumálin og það var jafnerfitt í rauninni og sá pakki þungur líka. Með stofnun Skóla- og fjölskylduskrifstofu tókst að safna saman sérfræðingum á einn stað og óhætt er að segja að öll vinna hafi gjörbreytst. Það er einn yfirmaður og nokkrir starfsmenn starfandi á hvoru sviði, félagsmálasviði og fræðslusviði, sem er mjög jákvætt. Ég vil sjá þessa starfsemi byggða áfram upp enda er þetta er allt annað starfs- umhverfi fyrir nefndina og jafnvel þrjú starfsmenn sem vinna með henni. Vinnubrögð eru mjög fagleg og góð, sérstaklega í barnaverndarmálum þar sem nefndin er nokkuð trygg með það starf sem er unnið og þar er allt á hreinu“.

Fædd og uppalin í mjög rauðu umhverfi

Pólitíkin er Laufeyju ofarlega í huga þessa dagana enda skipar hún nú 11. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Sjálf segist hún hafa verið mjög dreifð í pólitík í gegnum árin.

„Ég er fædd og uppalin í mjög rauðu umhverfi, pabbi var í Alþýðubandalaginu og



Alþýðubandalagsfélag Grundarfjarðar var stofnað í stofunni heima. Hin sósíalíska hugsun var snemma innprentuð í okkur og við förum mjög sterkt eftir henni enda er hef ég alla tíð verið róttæk í skoðunum mínum og hugsunum. Síðan hef ég flakkað svölitið á milli flokka og kosið þá alla, eða því sem næst. Ég hef starfað fyrir Alþýðuflokkinn, Kvinnalistann, Þjóðvaka og núna undanfarin ár hef ég starfað fyrir Sjálfstæðisflokkinn í félagsmálanefndinni. Mér hefur líkað það mjög vel og er núna komin í framboð og tek þátt í allri þeirri vinnu af heilum hug enda sé ég heilmikinn neista í þessu framboði.

Hvernig leggst svo kosningabaráttan í framboðandann?

„Ég veit það ekki, það eru náttúrulega fleiri flokkar í framboði núna heldur en voru fyrir fjórum árum síðan og því má búast við að atvæðin dreifist og í bæjarstjórn verði líklega meira einn frá hverju flokki. Ég hef áhyggjur af því að það verði til þess að erfiðara verður að mynda heilsteypsta stjórn en það á bara eftir að koma í ljós. Ég lít aftur á móti á þetta sem hluta af lýðræðinu og réttindum okkar, þ.e. að stofna flokka til að hafa áhrif. Mér hefur alltaf fundist erfitt að setta mig við að þeir sem vilja hafa áhrif í sínu bæjarfélagi komast ekki í nefndir nema vera til þess kjörnir í gegnum pólitík og pólitíska flokka. Það er jafnvel mjög

gott og hæft fólk sem veigrar sér nefndarsetu vegna þess að það vill ekki binda sig við einhvern einn flokk. Mér finnst þurfa að breyta þessu stjórnkerfi aðeins þannig að fleirum gefist kostur á að starfa fyrir sitt bæjarfélag án þess að þurfa að stimpla sig einhvers staðar í pólitík“.

Æfingarnar ekki alltaf dans á rósum

Hvað um önnur áhugamál? Eitthvað hefur heyrst af því að hún sé söngfugl mikill en Laufey hlær bara að slíku og þvertur fyrir það.

„Ég er ekki einsöngvari og ég mundi aldrei nokkurn tímann syngja ein fyrir nokkurn, og varla fyrir sjálfa mig, en mér finnst gaman að vera í kór. Ég hef verið í Sunnukórnum síðan 1992, reyndar með hléum, en það var mín leið til að kynna fólki. Ég hafði áður sungið í Kveldúlfskórnum í Borgarnesi og kór í Reykholti en sem krakki var ég alltaf syngjandi og gekk jafnvel í fyrirtæki og söng. Þar seldi ég sönginn minn við misjafnar undirtektir en fékk smá vasapening út úr þessu. En mér finnst þessi félagsskapur í Sunnukórnum mjög skemmtilegur og hef átt þarna góðar stundir, auk þess sem ég hef eignast þar marga góða vini. Þá hafa allir kórstjórnir verið skemmtilegir og þótt æfingarnar séu ekki alltaf dans á rósum, stundum hundleiðinlegar og erfiðar, þá er afraksturinn alltaf mjög skemmtileg-

ur.

Ég hef líka látið dálítið að mér kveða í leiklistinni hérna þótt ég hafi ekki gaman af því að leika. Mér finnst óþægilegt að koma fram og þykir ekki þægilegt að vera á leiksviði. Mig langaði hins vegar til að starfa í leikfélagi þannig að ég fór bara í skipulagið. Eg er mjög góð í því og var mjög oft framkvæmdastjóri leikrita og leikverka og nálgadist leiklistina frá þeirri hlið. Ég neita því ekki að stundum blóðlangaði mig að fara á svið en ég er feimin og á ekki auðvelt með að ota mér fram. Ég vil það heldur ekki því mér finnst betra að vinna í grasótinni, það hefur hentað mér og þar er ég góð þannig að ég er ekkert að hafa áhyggjur af hiru“.

Byrjaði á toppnum í skíðagöngu

„Ég hef líka lagt stund á heilsurækt og finnst það afskaplega gaman. Ég byrjaði á því fyrir tveimur árum síðan og það verður svona ákveðin fíkn en ég hef verið dugleg að fara í spinning í Stúdeó Dan og hef fengið þar markvissa leiðsögn, en þar fyrir utan er ég dugleg að ganga. Ég reyndi við skíðagönguna stuttu eftir að ég kom vestur og til að gera langa sögu stutta þá má segja að ég hafi byrjað á toppnum og endað á botninum. Ég keypti mér gönguskiði, dreif mig af stað og Beata Joó, vinkona mín, hjálpaði mér að setja þau á

mig því ég vissi ekkert hvernig ég átti að bera mig að. Síðan renndi ég mér óhrædd um allar brekkur á svæðinu og fannst ég svo góð og klár að ég gæti tekið þátt í Fossavatnsgöngunni.

Ég ætlaði að skrá mig í lengstu gönguna, en var góðfúslega bent á að líklega væri skynsamlegra að taka sjö kílómetrana. Allt í lagi, ég ákvað að prufa, hálfvél reyndar, en á leiðinni lenti ég auðvitað í brekku og beygju sem ég kunni ekkert að fara í þannig að ég stakst á hausinn. Þegar ég stóð upp aftur, þá sá ég stjórnur og fugla eins og í teiknimyndum, en ég komst niður á þrjóskunni og það var ótrúlega góð tilfinning þegar kynnirinn sagði, „Og nú kemur Laufey Jónsdóttir í mark“. Ég fékk medalíu fyrir að vera með en varð síðan að fara til læknis þar sem kom í ljós að ég hafði tognaði svo í hálsi að ég þurfti að ganga með hálskraga í langan tíma á eftir. Þetta var minn ferill í keppnisþróttum á skíðum og ég hef varla þorað að stíga á gönguskiði síðan því að ég er svo hrædd um að þetta komi fyrir aftur og hef eiginlega fælst“.

Sælureiturinn í Tunguskógi

„Á sumrin fer ég á fjöll en ég er í gönguhópi sem í eru vinir af öllu landinu og við förum í fimm daga ferðir með allt á bakinu. Síðast þegar ég fór með þessum hópi þá löbbuðum við Jökulsárgljúfrin

sem var mjög gaman, en í fyrra fór ég í gönguferð norður á Strandir með þeim Úlfari Ágústssyni, Gísla Hjartar og Jóni Reyni Sigurvissyni. Þetta var trússferð og var hún mjög eftirminnleg í alla staði því þarna fékk ég tækifæri til að skoða Hornstrandir með allt öðrum hætti en venjulega og við góða leiðsögn. Þarna var siglt, gengið, sofið í húsum og Úlfar var alltaf búinn að grilla þegar hópurinn kom á áfangastað. Við förum alla leið niður að Dröngum og á Hornbjarsvita þar sem við hittum Óla komma, sem mér er mjög minnisstætt“.

EKKI ER HÆGT AÐ LÁTA HJÁ LÍÐA AÐ NEFNA NÝJASTA ÁHUGAMÁL LAUFEYJAR SEM ER SUMARBÚSTAÐURINN Í TUNGUSKÓGI SEM HÚN KEYPTI SÍÐASTA HAUST.

„Já, ég keypti mér bústað þarna í fyrra, það var nú bara ákveðið mjög snögglega en ég er mjög ánægð að hafa tekið þessa ákvörðun og hlakka til að dveljast þar í sumar. Ég hef ekki enn gist í bústaðnum en er að fara að vinna í honum enda eitt og annað smávegis sem þarf að gera. Ég þarf aðeins að læra inn á hvernig á að eiga bústað en vonandi flyt ég þarna inn eftir áður en langt um líður og slæst í hóp þeirra sumarbústaðaeigenda sem flytjast búferlum í Tunguskóg yfir sumartímann“, segir Laufey að lokum og það gætir tilhlökkunar í rómunum þegar hún minnst á ljúfu sumardagana sem framundan eru í sælureitunum í Tungudal.

Félagslega húsnæðis-kerfið – Orkubú Vestfjarða

Nú hefur loks verið fest niður á blað í formi þingsályktunartillögu lausn á vanda félagslega húsnæðiskerfisins á landsvísi. Um er að ræða tillögu að lausn á sameiginlegum vanda ríkis og sveitarfélaga þó ríkisvaldið hafi oftast látið sem sveitarfélögin ein beri ábyrgð á honum. Lagaramminn sem settur er utan um félagslega húsnæðiskerfið er samþykktur á Alþingi og þar af leiðandi hafa sveitarfélög ekki geta aðhafst neitt ein og sér, nema þá að borga brúsum.

Sveitarfélögin hafa undanfarið ár knúð á um að ríkið viðurkenni sinn þátt í vandanum með því að leggja til fjármagn á móti því sem sveitarfélögin hafa lagt fram úr sveitasjóðum. Í Ísafjarðarbæ var lögð rík áhersla á að lausn myndist á vandanum á landsvísi áður en kæmi til sölu á eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubú Vestfjarða. Var það gert vegna þess að ríkisvaldið tengdi sölu á fjárhagsvandann í félagslega húsnæðiskerfinu.

Undirrituð ásamt félögum sínum í Samfylkingunni lagðist gegn sölu á þessum þessum tengingar. Ástæðan var mjög einföld; það kom ekki til greina að samþykka að

ríkið héldi eftir hluta af söluandvirðinu (sem síðan var lagt inn á biðreikning) og greiddi skuldir fyrir hönd sveitarfélagsins. Við töldum að bæjarfulltrúar í Ísafjarðarbæ væru að afsala sér sjálfsforræði yfir fjármálum sveitarfélagsins með því að láta ríkið reikna út og greiða skuldir þess. Meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks (ég gleymi ekki Guðna í þetta sinn) samþykkti þennan gjörning þrátt fyrir hávær mótmæli íbúanna og varnaðarorða minihlutans. Orkubú var selt til greiðslu skulda í félagslega húsnæðiskerfinu! Sjálfstæðismenn hafa hins vegar reynt að breiða yfir þessa tengingu með því að segja að Vestfirðingar hafi fengið okkurverð fyrir Orkubúið. Já, það er auðvelt að semja við þann sem er illa staddur því hann tekur það sem að honum er rétt ef hann á ekki annarra úrkosta vól. Þetta vissu fulltrúar ríkisvaldsins. Tímasetningin var engin tilviljun og ekki heldur tímasetningin á lausninni á vanda félagslega húsnæðiskerfisins á landsvísi. En lítum nánar á þá lausn. Ekki er hún enn eitt þrekvirkið sem sjálfstæðismenn í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hafa unnið gegn ríkisvaldinu.

„Fjármagnið sem kemur frá ríkinu dugir ekki til“



Bryndís Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ skrifar

Í grein sem bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ ritar í blaðið þann 17. apríl sl. kemur fram að miklum áfanga hefur verið náð í máluefnum félagslega húsnæðiskerfisins á landsvísi en eins og fram kemur í greininni átti hann sjálfur sæti í henni. Nefndin starfaði eitt og hálf ár og hvorki gekk né rak fyrr en búið var að ganga frá sölunni á Orkubúinu. Hér er ekki verið að tortryggja störf bæjarstjórnans heldur koma því á framfæri að enn einu sinni hallar á landsbyggðina í aðgerðum ríkisvaldsins. Engin þrekvirki hafa verið unnin í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar til að rétta þann halla.

Þó sitthvað megi finna í frumvarpinu sem hentar landsbyggðinni (þó það nú væri) eins og t.d. heimild til að rífa ónýtt hús þá er lausnin sniðin að þörfum suðvestur-

hornsins og fjármagn sem á að fylgja lausninni er ekki nægjanlegt. Heildarlausanin felur m.a. í sér að eigendur geta nú selt félagslega húsnæðið á fjálsnum markaði þó enn hvíli kaupskylda á sveitarfélögum. Þá er gert ráð fyrir að húsnæðið færast niður á markaðsverð (en upp á suðvesturhorninu) og ríki og sveitarfélög borga í sameiningu þann mismun. Fjármagnið sem kemur frá ríkinu dugir ekki til. Sá mismunur sem myndast í sölu íbúða á á suðvesturhorninu er í formi hagnaðar sem fer í vasa eigandanna. Lausnir er sem sagt sniðin að þörfum suðvesturhornsins og landsbyggðin fær molana sem hrökkva af borðinu.

Bryndís Friðgeirsdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ.

Perlan Vestfirðir í Perlunni

Perlan í Öskjuhlíð í Reykjavík mun hýsa atvinnuvegasýningu Vestfjarða 3.–5. maí n.k. Heiti sýningarinnar, Perlan Vestfirðir, er viðeigandi vegna nafns sýningarstaðar og þess sem augljóst er, en Vestfirðir eru mikil perla, hvort heldur horft er til óviðjafnlegrar náttúru eða mannlífs. Þarna verður að sjá sýnishorn úr atvinnulífi Vestfjarða og kynningu á þeim fjölbreyttu möguleikum sem ferðapjónusta svæðisins býður upp á.

Innan Ísafjarðarbæjar starfa framsækin hátækniyrirtæki tengd sjávarútvegi sem hafa heiminn allan sem sitt markaðssvæði. Öflugir frumkvöðlar hafa skapað þessi fyrirtæki. En slík fyrirtæki þurfa líka á réttum aðstæðum að halda. Ísafjarðarbær er gott dæmi um öflugan kjarna (cluster) þar sem sterkar grunneiningar í sjávarútvegi og vinnslu, skapa kröfuhart umhverfi sem vettvangur fyrirtækja með framleiðsluvörur sem standast

„Sýningin undirstrikar mikilvægi ferðapjónustu á svæðinu“



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar skrifar

hördustu kröfur.

Ísafjarðarbær verður kynntur sérstaklega á sýningunni en sveitarfélagið er í hópi stærri sveitarfélaga landsins og býður upp á góða þjónustu á öllum sviðum mannlífsins. Ísafjarðarbær verður kynntur sem áhugaverður kostur til ferðalaga, viðskipta og búsetu.

Það er von aðstandenda sýningarinnar, Perlan Vestfirðir, að hún verði til þess að auka enn frekar áhuga almennings á Vestfjörðum sem ferðamannasvæði og til búsetu. Sýningin mun byggja á bjartsýni, frumkvæði, framsýni og skemmtun. Hún er mikilvægur liður í jákvæðri kynningu á Vestfjörðum en í samkeppni um fólk og fyrirtæki skiptir máli að vera sýni-

legur með jákvæðum og um leið raunsæjum hætti. Það er fátt sem getur verið jákvæðara en um leið raunsætt að fá fyrirtæki svæðisins til að kynna fjölbreytta þjónustu sína og framleiðslu. Það sýnir styrk okkar samfélags hversu margbreytilegt atvinnulífið er. Sýningin undirstrikar mikilvægi ferðapjónustu á svæðinu sem sífellt er að aukast, ár frá ári. Þar hefur markviss stefna, markviss uppbygging á þjónustu og aðstöðu markað hvert skrefið á fætur öðru við að gera ferðapjónustuna að stærri atvinnuvegi á Vestfjörðum. Tækifærin eru okkar og við erum sífellt að nýta þau betur.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.



Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra

Áhugaverð og gefandi störf!

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf:

· *Stuðningsfulltrúa á sambýlum. Starf stuðningsfulltrúa er fólgið í aðstoð og stuðningi við fatlað fólk sem býr á sambýlum. Um er að ræða vaktavinnu, framtíðarstörf og afleysingar.*

· *Stuðningsfulltrúa í hæfingarstöð. Starf stuðningsfulltrúa er fólgið í að aðstoða fatlað fólk sem vinnur á hæfingarstöðinni. Um er að ræða dagvinnu.*

· *Frekari liðveisla. Starfið felst í aðstoð og stuðningi við fatlað fólk sem býr sjálfstætt. Um er að ræða hlutastarf í sumar.*

Nánari upplýsingar veita Sigfríður og Ingi-Björg í síma 456 5224.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á Svæðisskrifstofu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Umsóknarfræstur er til 13. maí 2002. Laun eru samkvæmt kjarasamningum SFR.

Orlando – Flórída Ventura Country Club

Hús og íbúð til leigu, 2-3 svefnherbergi og stofa. Allt fylgir. Golf, sund, tennis og fleira á staðnum. Erum í 20 mínútna fjarlægð fráflugvellinum.

Upplýsingar í síma 553 0097 eða á netfanginu hinrsab@aol.com.

Geymið auglýsinguna!

Björg Vacchiano.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og úttör eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

Kristján J. M. Jónssonar

Hlíf I, Ísafirði

Jóna Örnólfsdóttir

börn, tengdabörn, barnabörn og langafabörn

Amar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

Egils

Ölgerðin – bílstjóri

Ölgerðin Egill Skallgrímsson ehf. óskar eftir að ráða metnaðarfullan og hugmyndaríkan starfsmann til starfa í útibúi Ölgerðarinnar á Ísafirði. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði og geta unnið sjálfstætt.

Áhugasamir sendi greinargóðar upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf til afgreiðslu Ölgerðarinnar, Sindragötu 14 á Ísafirði, merktar „Ölgerðin – bílstjóri“ fyrir 15. maí eða hafa samband við svæðisstjóra í síma 456 5108 eða 821 9033.

Við þurfum nýjan reiðskjóta!

Vinstri hreyfingin grænt framboð býður nú fram til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í fyrsta sinn enda nýtt stjórn málaafli á landsvísi sem vill koma góðri stefnu sinni til skila jafnt í landsmálum sem og í sveitarstjórn. Málefna-grunnur okkar í sveitarstjórnarmálum hefur verið unninn af fjölda fólks og er aðgengilegur á heimasíðu okkar [vg.is](http://www.vg.is) Stefnumörkunin er að sjálf-sögðu í stöðugri endurskoðun og áherslur mótast af því hvað brennur á fólki í hverju sveitarfélagi.

Vinstri grænir í Ísafjarðarbæ munu kynna sínar áherslur í bæjarmálum nú í aðdraganda kosninganna og verður þá gerð ýtarleg grein fyrir mál-efnaáherslum okkar sem byggist á öflugri sókn í að fjölga atvinnutækifærum og að byggðin njóti nálægðar við fiskimiðin, ásamt því að við séum samkeppnisfær um fólk til búsetu hér og getum boðið upp á góða skóla og íþrótt- aðstöðu og fjölbreytta mögu- leika í húsnæðismálum fyrir eldri íbúa og styðja þá sem vilja og geta búið heima með

samræmdri þjónustu heilsu- gæslu og heimaþjónustu.

Eitt af því sem við viljum vinna að er öflugt íbúalýðræði og hvetja íbúa til að vera virka þátttakendur í að hafa áhrif og móta sitt umhverfi og sam- félag. Íbúasamtök eru til þess góður vettvangur og nú þegar eru þau til á Þingeyri og Flat- eyri og hafa verið virk og nauðsynlegt að stofna fleiri t.d. á Ísafirði – Hnífsdal og á Suðureyri. Hlutverk þeirra er að draga fram hvað þau telja helst úrbóta þörf í sínu nánasta umhverfi og forgangsraða því og koma á framfæri til bæjar- stjórnar fyrir gerð fjárhags- áætlunar hvers árs. Við mun- um leggja áherslu á að íbúar eigi greiðan aðgang að stjórn- un bæjarfélagsins með regl- legum viðtalstímum við bæj- arfulltrúa og embættismenn á öllum þjónustuskrifstofum bæjarins. Einnig að opnir fundir verði um þau mál sem snerta íbúana hverju sinni.

Bæjarstjórn má aldrei ein- angast í flabeinsturni heldur þarf hún stöðugt að vera með puttann á púlsi bæjarfélagsins og taka tillit til skoðana íbúa,

„Það er nauðsynlegt að Sjálfstæðisflokkur og framsókn fái skýr skilaboð“



Lilja Rafney Magnúsdóttir, efsti maður á lista Vinstri grænna í Ísafjarðarbæ

oft fara ekki fram fundir um átakamál fyrr en niðurstaða liggur fyrir í málinu og nefni ég þar sölu á hlut bæjarins í Orkubúi Vestfjarða þar sem mikil andstaða bæjarbúa var við sölu.

Meirihluti Sjálfstæðis og Framsóknarflokks virðist ekki hafa haft nein áhrif inn í sína flokka við gerð tillögu að byggðaaætlun sem fyrst lág fyrir og varla var minnst á Vestfirði nema að þar verði áfram fólksfækkun. Þá þurftu sveitarfélögin að semja sína eigin byggðaaætlun vegna þess að við gleymdust eða vorum afskrifuð. Auðvitað áttu sveitarstjórnir að koma

ad málinu frá upphafi með sínar áherslur.

Það er nauðsynlegt að Sjálf- stæðisflokkur og framsókn fái skýr skilaboð frá kjósendum í kosningunum í vor um að byggðastefna þeirra hefur brugðist staðreyndir tala sínu máli. Sjálfstæðismenn tala um að engu megi breyta og að allt sé svo gott og ekki eigi að skipta um hest í miðri á! En ef hrossið er að niðurlotum komið eins og meirihluta sam- starfið í bæjarstjórn og ríkis- stjórn þá er farsæla að skipta um gæðing og veðja á annan hest.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Menntaskólinn á Ísafirði

Nemendur fögn- uðu vorkomunni

Það var glatt á hjalla hjá nemendum Menntaskólans á Ísafirði í hádeginu á föstudag, er nemendafélag skólans bauð félagsmönnum sínum upp á grillveislu og sumarhátíð í tilefni vorkomunnar. Þó svo að sólin hafi skinið á unglíngana þurfti að hætta við að bjóða þeim upp á vatnskælingu í kari þar sem kalt er í veðri. Þrátt fyrir vonbrigði nemendanna með að geta ekki hreinsað af sér uppsafnaðan vetrarskítinn, létu þeir það ekki á sig fá og skófluðu pylsum hratt og örugglega í sig milli þess sem þeir léku sér í hefðbundnum sumarleikjum. Nú hefur vetur konungur kynnt sig á nýjan leik og þá er bara spurning um að endurtaka grillveisluna.



Menntskælingar hópast fullir eftirvæntingar um grillið.

Frummynd ehf.

Til sölu er 1/3 hlutur í versluninni Frummynd ehf. (Videóhöllinni) á Ísafirði sem er í nýju húsnæði í hjarta bæjarins.

Allar nánari upplýsingar gefur Fjölhir í síma 456 5096.

Skipulagsstofnun.

Ertu orðin(n) áskrifandi?

Ungir kjósendur og Gamla Apótekið

Netspurningin

Sú þarfa og athyglisverða nýjung hefur verið tekin upp að kynna stefnumál framboðanna í Ísafjarðarbæ fyrir ungum kjósendum í Gamla Apteckinu. Þegar þessi orð ber fyrir lesendur hafa ungir kjósendur væntanlega orðið einhvers vísari og eiga þar af leiðandi auðveldara með að gera upp hug sinn en áður. Vissulega er það til fyrirmyndar að gera unga fólkinu auðveldara að rata í gegnum frumskóg framboðanna fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. En skyldi ekki fleirum en hinum ungu ganga illa að átta sig á því hvað kosið verður um á Vestfjörðum. Í raun ættu kosningar til sveitarstjórna á Vestfjörðum að snúast um framtíð byggðar og þær lausnir sem boðnar eru í þeim efnunum. En hverjar eru þær?

Seint verður bæjarstjórn þakkað frumkvæðið að því að færa út hugmynd iðnaðarráðherra um byggðakjarna á landsbyggðinni. Akureyri hefur stöðu allra yfirburða utan höfuðborgarinnar og sveitarfélaganna í nágrenni hennar. Þau njóta svo sannarlega nábylinsins. Á Akureyri byggir menntun á gömlum merg, Menntaskólanum, og við hafa bæst Verkmenntaskólinn og Háskólinn á Akureyri. Forskotið liggur þar. Hvert á að verða frumkvæði Ísafjarðar? Snögggra viðbragða er þörf áður en fólkí færkar hér enn frekar. Vonandi hafa frambjóðendur sem kynntu málefni og stefnu sinna framboða í gær í Gamla Apóteckinu spurt unga fólkíð hver væru þeirra hugðarefni um framtíðina á Ísafirði og á Vestfjörðum. Vonandi skilur unga fólkíð gildi samstöðunnar og

gildi þess að dreifa ekki kröftunum eins og gert er með tilvist margra smárra sveitarfélaga.

Hvert er vitið á bak við þrjú sveitarfélög við Ísafjarðardjúp, sem eiga öll sameiginlegra hagsmuna að gæta varðandi uppbyggingu atvinnulífs og menntunar. Hið sama er að segja um félagslíf og aðra menningu. Engu að síður virðist ekki vera inni í myndinni að sameina Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavíkurhrepp. Stjórnýsla sveitarfélaganna geldur þess að kröftum er dreift og eykur líkurnar á því að hún hverfi úr héraði. Sérhæfing og verkaskipting þrífst ekki við núverandi aðstaðu. Samt grillir hvergi í hugmyndir um sameiningu og betri nýtingu mannafla og fjármuna.

Gamla Apótekið er einkar vel heppnað fyrirtæki og vekur eftirtekt langt út fyrir Ísafjörð og Vestfirði. Fleiri slíkar hugmyndir þurfa að koma upp og byggja á því að ungt fólk fái tækifæri til að sýna frumkvæði. Hér með er þeirri hugmynd komið áleiðis að hið unga og fríska fólk sem stendur að starfinu í Gamla taki sig til og safni í hugmyndindabanka þeirrar stefnuskrár sem myndi duga þeim til að kjósa 25. maí hinn næsta. Hvernig vilja þau sjá Vestfirði eftir 10 ár, nú eða 25 ár? Hvert er þeirra markmið fyrir Vestfirðinga næstu ára- tugina? Svörin kunna að verða mun forvitnilegri en stefnuskrá offramboðsins í Ísafjarðarbæ. Ekki drægi úr gildi þeirra að hafa unga kjósendur úr Strandasýslu, Bolungarvík og Barðstrandarsýslu með í ráðum. Þeirra allra er jú framtíðin.

Stakkur skrifar

Spurt var:

Er aðlilegt að ganga í 20 milljarða króna ábyrgð fyrir atvinnu örhlítils hluta vinnuafls í Reykjavík?

Alls svöruðu 647.
Já sögðu 102 eða 15,47%
Nei sögðu 530 eða 81,92%
Veit ekki sögðu 15 eða 2,32%

Netspurningin er birt viku- lega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA

Upplýsingar um starfsemi á árinu 2001

Meginniðurstöður ársreiknings

Efnahagsreikningar 31.12.2001 31.12.2000

Fasteign	11.715	11.109
Vextir með breytilegum tekjum	5.075.880	5.175.324
Vextir með fastum tekjum	7.145.879	6.400.663
Veðan	559.175	380.495
Fulltrúasteyrir	17.800	28.270
Kröfur	340.345	228.636
Aðrir eignir	178.423	62.491
Eignir samtals	13.231.817	12.283.009
Skuldir	78.243	44.881
Hrein eign til greiðsle lífeyra	13.152.575	12.238.128
Hrein eign samnyggingarvefjar	12.891.814	12.213.520
Hrein eign Hálmavíkurbæjar	342.197	-
Hrein eign sérnyggingarvefjar	18.563	4.607
Hrein eign til gr. lífeyra	13.152.575	12.238.128

Yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðsle lífeyra

	2001	2000
Ígildi	482.355	443.631
Lífeyri	287.989	249.312
Fjarfestingartekjur	510.185	575.430
Fjarfestingargjöld/Rekstrarkostnaður	40.872	29.259
Matsneytingar	1.057.520	500.024
Hækkun á hreinni eign	701.429	78.043
Hrein eign Hálmavíkurbæjar	213.819	-
Hrein eign frá fyrra ári	12.238.128	12.156.400
Hrein eign til gr. lífeyra í árslok	13.152.575	12.238.128

Kennitalur

Hrein raunárvörðun	-4,17%	-4,91%
Meðaltal fr. raunárv. s.l. 5 ár	3,48%	6,17%
Kostnaður sem hlutfell af eignum	0,32%	0,32%
Fjöldi verkis sjómanna	3823	3452
Fjöldi lífeyrisþega	1845	943
Eignir í ísl. kr.	74,3%	70,0%
Eignir í erl. kr.	26,2%	30,0%

Lífeyrisgreiðslur ársins

Fjöldi lífeyrisþega

Elsteyrir	566	130.520	107.294
Órorkulífeyri	363	108.710	103.130
Makalífeyri	227	41.863	36.377
Barnalífeyri	105	12.313	8.816
Lífeyri samtals	1040	293.230	255.617

Lífeyrisáskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafraeðinga

	2001	2000
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	1.485	1.457
Í hlutfelli af öllum skuldbindingum	11,8%	12,7%
Eignir umfram heildar skuldbindingar	-235	-221
Í hlutfelli af heildar skuldbindingum	(1,7%)	(1,7%)

Ársfundur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga vegna ársins 2001 verður haldinn á Sólbakka Öfundarfirði laugardaginn 4. maí 2002 kl. 12.00.

Fundurinn er opinur öllum greiðandi sjóðfélögum og lífeyrisþegum.

Gestir eru beðnir að staðfesta þátttöku við skrifstofu sjóðsins í síðasta lagi 3. maí 2002

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2001

Kristján Jóhannsson
Bjarni L. Gestsson
Pétur Sigurðsson
Einar V. Kristjánsson

Frákvæmdastjóri:

Guðrún K. Guðmannsdóttir

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Brunngata 7 • 400 Ísafjörður • Sími: 458 4233 • Fax: 458 4710
E-mail: slgj@vest.is • Internetið: www.veest.is

Þar sem þú ert - þar erum við

POSTURINN
www.postur.is



Óshlíðarvegur

Bifreið lenti utan vegar

Fólksbifreið fór útaf veginum um Óshlíð á fimmta tímanum á sunnudag og lenti ofan vegar.

Áð sögn lögreglunnar á Ísafirði virðist sem öku- maður bifreiðarinnar hafi misst stjórn á henni í hálfu með þeim afleiðingum að hún rann út af veginum.

Engin slys urðu á fólki og reyndist hægt að aka bifreiðinni á brott eftir að henni hafði verið komið aftur á veginn.

Áð sögn lögreglu hefur stormur helgarinnar ekki valdið teljandi vandræðum í umferðinni þrátt fyrir að talsvert sé um að fólk sé búið að skipta út vetrar- dekkjunum lögum samkvæmt. Í sunnudag var þó nokkuð um að aðstoða þyrfti fólk við að losa bifreiðar sínar úr snjósköflum og koma því til og frá vinnu.

Ísafjarðardjúp

Sumarbústaður brann til kaldra kola

Sumarbústaður innst í Laugardal í Ísafjarðardjúpi brann til kaldra kola á sunnudag. Tvennt var í bústaðnum þegar eldurinn kom upp og reyndu þau árangurslaust að slökkva eldinn. Þau tæmdu slökkvitækin og fóru síðan fótgangandi að sækja aðstoð á næsta bæ, en þegar þau komu aftur til baka um tveimur tímum síðar var húsið brunnið til kaldra kola.


Áð sögn lögreglunnar á Ísafirði kom eldurinn upp um kl. 13:30. Sumarhúsið er á afskekktum stað og ekki síma- eða vegasamband. Fólkíð var rúman klukkutíma að ganga að næsta bæ til að láta vita af brunanum. Ekki er vitað um eldsupptök en málið er í rannsókn.

Kambur ehf. á Flateyri og Íslandssögu ehf. á Suðureyri

Kaupa nýja gerð af snyrtilínunum frá 3X-Stáli á Ísafirði

Í síðustu viku undirrituðu forsvarsmenn Kambur ehf., á Flateyri og Íslandssögu ehf., á Suðureyri, samning um kaup á nýrri gerð af snyrtilínunum frá 3X-Stáli ehf., á Ísafirði. Hér er um að ræða stærsta samning sem fyrirtækin hafa gert til þessa. Undirritun kaupsamningsins fór fram á sjávarútvegssýningunni í Brüssel í Belgíu að viðstöddum sjávarútvegsráðherra, Árna M. Mathiesen.

Bæði þessi sjávarútvegsfyrirtæki hafa allt frá stofnun, unnið með 3X-Stáli ehf., að þróun á nýjum vinnslubúnaði fyrir bolfisk- og saltfiskvinnslu. Má þar nefna karalausnir, glasseringskerfi og nú snyrtilínu. Þessi nýja gerð snyrtilínu er afrakstur þróunarferlis sem farið hefur fram hjá 3X-Stáli í samvinnu við þessu tvö vestfirsku fyrirtæki undanfarin misseri. Hin nýja snyrtilína byggir á tækni sem þróuð hefur verið hjá 3X-Stáli og samanstendur af nýjum



Frá undirritun samningsins í Brüssel. F.v. Jóhann Jónasson, framkvæmdastjóri 3X-Stál, Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri Íslandssögu ehf., Hinrik Kristjánsson, framkvæmdastjóri Kambur ehf., og Árna M. Mathiesen, sjávarútvegsráðherra.

vélbúnaðar- og hugbúnaðarlausnum sem verða grunnurinn að nýjum vörulínunum hjá fyrirtækinu.

„Framangreind fyrirtæki

hafa um árabil verið ein af framsæknustu fyrirtækjum á Vestfjörðum. Með undirritun samningsins í gær stíga þau enn eitt skrefið til framtíðar.

Samvinna þessara fyrirtækja er dæmi um þann árangur þegar þekking og reynsla úr vestfirskum sjávarútvegi sameinast,“ segir í frétt frá 3X-Stál.

Helga Bára Bragadóttir, kennari við MÍ

Hlaut friðarstyrk Rótarýsjóðsins

Helga Bára Bragadóttir, kennari við Menntaskólann á Ísafirði, er í hópi sjötíu fyrstu friðarstyrkþega Rótarýsjóðsins, mannúðar- og menningar- sjóðs alþjóða Rótayhreyfingarinnar.

Tilkynnt var í aðalstöðvum Sameinuðu Þjóðanna í New York þann 18. apríl sl. hverjir hefðu hlotið þessa eftirsóttu styrki, en þeir hafa ekki verið veittir áður. Helga Bára mun því hverfa frá störfum við MÍ í haust, þar sem hún hefur m.a. kennt félagsfræði, stærðfræði, efnafraði og lífsleikni undanfarin tvö árin, til þess að hefja tveggja ára meistaranám í alþjóðasamskiptum með áherslu á friðarmál við Bradford-háskóla í Englandi. Helga Bára er jafnframt önnur tveggja úr hópi friðarstyrkþeganna sjötíu sem valdir hafa verið til að flytja erindi á alls-




Helga Bára Bragadóttir, kennari við Menntaskólann á Ísafirði.

herjarþingi Rótayhreyfingarinnar, sem haldið verður í Barcelona í júní n.k.

Rótarýsjóðurinn stendur fyrir umfangsmiklu mannúðar- og menningarstarfi um allan heim og hafa íslenskir röt-

arýfélagar lagt yfir hálfá milljón Bandaríkjadala til sjóðsins á undanföllum árum. Með þessum nýju friðarstyrkjum vill Rótarýsjóðurinn stuðla enn frekar að eflingu friðar í heiminum. Komið hefur verið á samstarfi við sjö virta háskóla víða um heim um tveggja ára meistaranám í hinum ýmsu þáttum alþjóðasamstarfs og friðargæslu. Styrkirnir, sem eiga að standa undir öllum náms- og dvalarkostnaði, eru alþjóðlegir samkeppnisstyrkir og má hvert hinna 530 umdæma Alþjóða Rótayhreyfingarinnar senda eina umsókn.

Nú þegar hefur verið auglýst eftir umsóknum um styrki fyrir skólaárin 2003-2005 og má nálgast nánari upplýsingar um þá á heimasíðu Rotary International og á skrifstofu Rótaryumdæmisins á Íslandi.



Vestfirðir

Stór borgarísjaki strandaði út af Sauðanesi

Stór borgarísjaki strandaði um síðustu helgi út af Sauðanesi við minni Öfundarfjarðar.

Áð sögn Þórs Jakobs-sonar hjá Veðurstofu Íslands bárust nokkrar tilkynningar um jakann og telur hann sig geta sagt með nokkurri vissu að jakinn sé upphaflega úr jöklum Grænlands og hafi rekið þaðan frá Grænlandssundi.

Hann segir að jakinn muni fljótlega leysast upp en bendir fiskiskipum sem eru á ferð á þessum slóðum að sýna fulla aðgát, sérstaklega þar sem ísjakinn sést illa úr ratsjá.

HVER ÞJÓNAR þínu öryggi?

Það er fátt eins mikilvægt í lífinu og öryggi. Þess vegna áttu rétt á að fá ótrúlega líðsögn og fyrsta flokks þjónustu þegar tryggingarnú þín eru áhers vegar. Komdu eða hafðu samband, við gerum alltaf okkar besta.

TRYGGINGA- MIDSTÖÐIN HF
-þegar líft er líft!

Hafnarstræti 7 • 400 Ísafjörður
Sími 450 5200 • www.tmfhf.is

Vorum að taka upp fallega toppa og boli frá DORI á Ítalíu

KONUR & MENN

Hafnarstræti 9-13 í Verðunnamidstöðinni Nísta. Sími 456 0201

H-PRENT

A-4 LJÓSRITUNAR-PAPPÍR Í ÖLLUM LITUM!

80 gr.
120 gr.
160 gr.

H-PRENT sími 456 4560

bb.is

- öflugur frétt- og upplýsingamiðill!